

Nýtt frumvarp um breytingar á lögum um útlendinga

Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingar á lögum um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002. Frumvarpið felur ekki í sér heildarendurskoðun núgildandi laga, heldur er þar verið að bregðast við ýmsum þáttum með hliðsjón af reynslunni af framkvæmd útlendingalaganna og fara að þeim skuldbindingum gagnvart Evrópusambandinu sem aðild að EES og Schengen-samstarfinu felur í sér.



Flokkun atvinnu- og dvalarleyfa samræmd

Félags- og tryggingamálaráðherra leggur samhliða fram frumvarp um breytingar á lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Í frumvörpunum eru flokkar atvinnuleyfa annars vegar og dvalarleyfa hins vegar samræmdir. Leitast er við að hnykkja á þeirri grundvallarstefnu að koma og dvöl útlendinga til landsins skuli vera í einhverjum yfirlýstum, lögmætum tilgangi og reglur sem lúta að dvölinni taki mið af því.

Efnisreglur færðar í lög

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um útlendinga einkennist af því að með því er m.a. gerð tillaga um að festa í lög ákvæði sem nú eru í reglugerð. Meðal annars er stefnt að því að færa inn í lögin efnisreglur um einstaka dvalarleyfa-flokka og réttindi þeim tengd, reglur um hvernig haga beri afgreiðslu dvalarleyfa, reglur um undanþágur frá skyldu til að hafa dvalarleyfi og reglur um hvenær heimilt er að veita útlendingi dvalarleyfi.

Ekki sérstök dvalarleyfi fyrir EES-borgara

Mikill munur er á stöðu þeirra sem koma hingað til lands í krafti EES-réttar og hinna sem búa utan EES-svæðisins (sem hér eru kallaðir þriðja ríkis borgarar), en m.a. er lagt til að dvöl og atvinnuþátttöku ófaglærðra þriðja ríkis borgara verði markaður fyrir fram ákveðinn tími. Réttur þeirra til að stunda hér vinnu kann til dæmis að verða bundinn við eina framkvæmd eða ákveðið verk. Áfram verður mjög erfitt fyrir ófaglært verkafólk utan EES að fá hér atvinnu- og dvalarleyfi. Á hinn bóginn er þróskuldurinn lækkaður gagnvart

sérfræðingum utan EES, en í frumvarpi félags- og tryggingamálaráðherra er heimild til að víkja frá forgangi fyrir EES-útlendinga þegar um er að ræða störf sem krefjast háskólamenntunar.

Ekki er gert ráð fyrir því að Útlendingastofnun gefi út sérstök dvalarleyfi fyrir EES-borgara. Þess í stað munu þeir skrá sig í þjóðskrá með svipuðum hætti og norrænir borgarar hafa gert um árábil.

Íþróttafólk

Í frumvarpinu er sérstakt ákvæði um dvalarleyfi íþróttafólks, þ.e. komi útlendingur til starfa hér á landi sem íþróttamaður eða þjálfari hjá íþróttafélagi innan Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands. Gildistími dvalarleyfisins fylgir gildistíma atvinnuleyfisins. Í frumvarpi félags- og tryggingamálaráðherra til breytinga á lögum um atvinnuréttindi útlendinga er ekki gert ráð fyrir því að atvinnuleyfi íþróttafólks geti orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis og í útlendingafrumvarpinu er lagt til að samsvarandi dvalarleyfi íþróttafólks geti ekki heldur orðið grundvöllur búsetuleyfis.

Vistráðningar (au pair)

Fram til þessa hafa þeir útlendingar, sem hingað koma vegna vistráðningar (au pair) fengið atvinnuleyfi frá Vinnumálastofnun auk dvalarleyfis. Með þeim breytingum sem nú eru lagðar til verður hætt að líta á vistráðningu sem atvinnu og Vinnumálastofnun mun ekki taka þátt í afgreiðslu þessara leyfa, enda er ekki gert ráð fyrir að viðkomandi starfi utan heimilis. Þeir sem hingað koma í þessum tilgangi skulu ekki vera yngri en 18 ára og ekki eldri en 25 ára og ekki er gert ráð fyrir því að þeir dveljist á landinu lengur en eitt ár. Þá

er í frumvarpinu m.a. kveðið á um að vistfjölskylda tryggi að hinn vistráðni fái nægjanlegan tíma til íslenskunáms og til að sinna eigin áhugamálum.

Námsmenn

Í frumvarpinu er komið til móts við ungmanni sem dvelja hér á landi ásamt foreldrum sínum með því að gera þeim mögulegt að halda áfram námi hér á landi eftir að þau hafa náð 18 ára aldri. Sérstakri heimild verður bætt inn í ákvæði laganna um námsmannaleyfi. Útlendingastofnun er gert kleift að gefa út námsmannaleyfi vegna menntaskólanáms þegar um er að ræða ungmanni sem búa hér á landi sem aðstandendur. Stofnunin getur einnig gefið út leyfi vegna iðnnáms eða vegna atvinnuþátttöku, ef viðkomandi ungmanni er á vinnumarkaði. Ungmanni með aðstandendaleyfi geta við 18 ára aldursmarkið hvort heldur er dvalið hér á grundvelli náms eða vinnu. Þau geta hins vegar ekki dvalið hér íðjulaus og öðlast búsetuleyfi á þeim grunni.

Forgangsroðun

Þá er lagt til að heimilt verði að ákveða að forgangsraða erindum sem Útlendingastofnun berast. Ákvæðinu er ætlað að auðvelda stofnuninni að koma til móts við óskir fyrirtækja um að fá fólk, einkum sérfræðinga, til starfa á sem skemmstum tíma. Auk þess er gert ráð fyrir að Útlendingastofnun fái heimild til að hraða afgreiðslu námsmannaleyfa, en oft er nauðsynlegt að þau séu afgreidd hratt svo að viðkomandi geti hafið nám, t.d. að hausti. Gert er ráð fyrir að þessari heimild verði beitt með almennum, skriflegum fyrirmælum dómsmálaráðherra til stofnunarinnar.

Hraðafgreiðsla

Lagt er til að heimilað verði að taka upp svo nefndar hraðafgreiðslur. Þar er átt við að unnt verði að beita hraðvirkari vinnubrögðum þegar umsókn er lögð fram af fyrirtæki sem hefur sýnt af sér vönduð vinnubrögð um nokkurn tíma og hefur getu til að standa undir kröfum um mjög vandaða vinnslu umsókna. Hugmyndin er að á grundvelli ákvæðisins verði fyrst útfært tilraunaverkefni þar sem Útlendingastofnun, í samstarfi við nokkur fyrirtæki sem hafa mikil umsvif á þessu sviði og hafa sýnt vönduð vinnubrögð, móti fyrirkomulag þar sem gengið er út frá að umsókn uppfylli öll skilyrði á grundvelli ábyrgðaryfirlýsingar viðkomandi fyrirtækis.

Sjá einnig framsöguræðu dóms- og kirkjumálaráðherra við fyrstu umræðu á Alþingi [hér](#).
Sjá frumvarpið í heild [hér](#) á vef Alþingis.

